

From: Karl Björnsson [<mailto:karl.bjornsson@samband.is>]

Sent: 5. febrúar 2016 10:14

To: Karl Björnsson

Subject: Fundur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og stjórnar sambandsins

Lög um opinber fjármál nr. 123/2015, sem hægt er að nálgast [hér](#), eru komin til framkvæmda. Í 11. gr. laganna er fjallað um samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga. Sambandið kom að mótun þessarar lagasetningar og hefur þróun og staða málsins hverju sinni verið kynnt fyrir sveitarfélögum á fjármálaráðstefnum og landsþingum undanfarin ár.

Samráðsferlið er hafið og f.h. sveitarfélaga koma starfsmenn sambandsins, samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál, samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – og stjórn sambandsins að því á ýmsum stigum. Einnig er hluti þessa ferlis sameiginlegur fundur fulltrúa allra sveitarfélaga um málið.

Hér með er boðað til þessa sameiginlega fundar **fimmtudaginn 18. febrúar nk. í Grand hóteli**, Reykjavík. Fundurinn hefst **kl. 11:00** og gert er ráð fyrir að hann geti staðið til kl. 14:30. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

Auk þess sem farið verður yfir samráðsferlið og ýmsar tölulegar upplýsingar vegna framangreindra laga er fyrirhugað að ræða tekjustofna sveitarfélaga og stöðuna í lífeyrismálum opinberra starfsmanna.

Öll sveitarfélög eru hvött til að senda a.m.k. einn fulltrúa á fundinn og æskilegt er að stærri sveitarfélög, sem vegna þungt í fjármálalegu umfangi sveitarstjórnarstígsins, sendi fleiri fulltrúa.

Óskað er eftir að **sveitarfélög tilkynni um þátttöku** sína og nöfn fulltrúa með tölvupósti á netfangið sigrídur@samband.is í síðasta lagi mánudaginn **15. febrúar nk.**

Með bestu kveðju,
Karl Bj.



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Beint innval: 515 4910
Netfang: karl.bjornsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.